

Ed.

318. Breytingartillögur

við frv. til laga um einkasölu á áfengi.

Flutningsm.: Sigurður H. Kvaran.

1. Við 2. gr.

Á eftir setningunni »Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissölu« komi:

Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil. Skal það ákveðið í samráði við landlækni.

2. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 50--75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, en á lyfjaáfengi 25--35%. Önnur lyf, er ver slunin útvegar læknum, skulu seld án hagnaðar.